



Borgarráð

Reykjavík, 9. september 2024

MSS24090037

Samningur við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála 2025

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að þjónustusamningi við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands fyrir árið 2024. Samningurinn er til eins árs. Kostnaður samkvæmt samningnum er 2.750.000 kr. sem færist á kostnaðarstað 09510 - ýmsar samningsbundnar greiðslur.

Greinargerð:

Reykjavíkurborg og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands hafa átt með sér samstarf allt frá árinu 2003. Markmið samstarfsins er gagnkvæmur ávinningur þar sem Reykjavíkurborg styrkir starf Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála sem veitir borginni ráðgjöf og aðstoð við sértæk valin verkefni samkvæmt nánara samkomulagi.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Þjónustusamningur milli Reykjavíkurborgar og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands 2025, drög.



Reykjavík



Þjónustusamningur

milli Reykjavíkurborgar og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands

1. gr. Samningsaðilar og markmið samnings

Reykjavíkurborg og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands hafa haft með sér samstarfssamning frá árinu 2003. Markmið samstarfsins er gagnkvæmur ávinningur þar sem Reykjavíkurborg styrkir starf Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála sem veitir borginni ráðgjöf og aðstoð við sértæk valin verkefni samkvæmt nánara samkomulagi. Aðilar eru sammála um að halda áfram samstarfi sínu og gera með sér þjónustusamning um áherslur í samstarfi sínu fyrir árið 2025.

2. gr. Þjónusta

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála veitir Reykjavíkurborg eftirfarandi þjónustu árið 2025:

1. **Þjónustuverkefni.** Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála taki að sér þjónustuverkefni fyrir Reykjavíkurborg skv. nánara samkomulagi. Vinnuframlag stofnunarinnar nemi allt að einum mannmánuði á gildistíma samningsins. Miða skal við að samkomulag um útfært þjónustuverkefni liggja fyrir við undirritun samnings, fyrir starfsárið.
2. **Stjórnsýsluskóli.** Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála hefur starfrækt stjórnsýsluskóla síðastliðin ár og hafa starfsmenn borgarinnar sótt fjölmörg námskeið á hans vegum. Fjölbreytt námskeiðahald er áfram fyrirhugað á gildistíma samningsins og mun starfsmönnum borgarinnar verða boðin þátttaka. Fræðsludagskrá liggur fyrir í upphafi hvors misseris. Starfsmenn Reykjavíkurborgar fá 30% afslátt af námskeiðum og málþingum sem haldin eru á vegum stofnunarinnar á samningstímanum. Samningsaðilar munu jafnframt skoða leiðir til að formgera samstarf stjórnsýsluskóla stofnunarinnar og Stjórnenda- og stjórnsýsluskóla Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg aðstoði við að kynna námsframboð stofnunarinnar eftir því sem við á.
3. **Hagnýt rannsóknarverkefni.** Samningsaðilar geta báðir haft frumkvæði að samstarfi um hagnýt rannsóknarverkefni sem nýtist bæði Reykjavíkurborg og nemendum Háskóla Íslands.

Málþing og opnir fundir. Stofnunin stendur árlega fyrir málþingum og opnum fundum þar sem fjallað er um ýmis stjórnsýslutengd málefni. Slíkir fundir hafa stundum verið haldnir í samstarfi við Reykjavíkurborg og geta aðilar áfram haft samstarf um slík fundahöld.

3. gr. Fjárhagsskuldbindingar og greiðslur

Samstarfssamningur þessi gildir fyrir árið 2025. Reykjavíkurborg greiðir Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála kr. 2.750.000 á árinu fyrir framangreinda þjónustu. Greiðslur fara fram 15. maí kr. 1.500.000 og 15. október kr. 1.250.000 gegn framvísun reikninga.

4. gr. Ábyrgðaraðilar og tengiliðir

Umsjón og eftirlit með framkvæmd samnings þessa er hjá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara hjá Reykjavíkurborg. Forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála hefur umsjón með framkvæmd samningsins fyrir hönd stofnunarinnar og er tengiliður hennar við Reykjavíkurborg. Sérstakir tengiliðir verða skipaðir vegna einstakra verkefna.

5. gr. Eftirlit, eftirfylgni og kynningarmál

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála skal skila greinargerð að loknu starfsári um ráðstöfun fjárframlags Reykjavíkurborgar og framvindu samstarfs, í síðasta lagi 1. mars, og ársreikningi stofnunarinnar þegar hann liggur fyrir þó eigi síðar en 30. september. Í samræmi við samþykkt borgarráðs frá 26. maí 2016 skal styrkþegi í greinargerð um ráðstöfun fjárframlags skila kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar og sérstaklega verði greint frá því hvaða áhrif framlagið hefur á stöðu jaðarsettra hópa fólks sbr. mannréttindastefna Reykjavíkurborgar. Samráðsfund skal halda þar sem farið er yfir framkvæmd samningsins og verkefnaáætlun komandi starfsárs.

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála skal halda kynningu á því verki sem fjárveiting fór til án sérstakrar þóknunar sé eftir því óskað af Reykjavíkurborg. Stofnunin skal upplýsa í kynningum á starfsemi sinni að hún njóti fjárframlaga frá Reykjavíkurborg.

6. gr. Eignarréttur og höfundarréttur

Reykjavíkurborg er eigandi gagna sem myndast við vinnslu verkefna samkvæmt samningi þessum. Þeim má ekki dreifa eða afhenda án heimildar Reykjavíkurborgar sem fer með höfundarrétt hugverka og útgáfurétt rita. Fulltrúar stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála skulu virða trúnað og þagnarskyldu um störf sín fyrir Reykjavíkurborg.

7. gr. Fyrirvarar, vanefndir og meðferð deilumála

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki borgarráðs.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningi þessum og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu styrkþega. Telji annar samstarfsaðili sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega. Ef fjárframlag frá Reykjavíkurborg er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar áskilur borgin sér rétt til að rifta samningum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað.

Rísi mál vegna efnda samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

8. gr. Framsal

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála er með öllu óheimilt að framselja skyldur sínar samkvæmt samningi þessum án samþykkis Reykjavíkurborgar.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, [DAGS.]

F.h. Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála

F.h. Reykjavíkurborgar

Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu:

Nafn kt.

Nafn kt.